

Starfsleyfisskilyrði fyrir skóla (leik-, grunn-, framhalds- og háskóla), daggæslu dagforeldra og aðra kennslustaði og heimili fyrir börn vegna hollustuhátta, sbr. lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Skilyrði þessi eru almenn fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur samkvæmt reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.
- 1.2 Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir, samþykktir og starfsleyfisskilyrði. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi ekki verið gefið út.
- 1.3 Rekstraraðili skal sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.
- 1.4 Starfsleyfi skal vera sýnilegt viðskiptavinum.
- 1.5 Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varða ákvæði starfsleyfis.
- 1.6 Verði frávík frá þeim kröfum og skilyrðum sem um starfsemina gilda skal rekstraraðili upplýsa heilbrigðisnefnd tafarlaust um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.
- 1.7 Ef um annan leyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi skilyrði.
- 1.8 Starfsleyfið gildir einungis fyrir þann rekstraraðila og í því húsnæði eða aðstöðu sem skráð er á starfsleyfið. Flytji starfsemin í annað húsnæði eða taki annar rekstraraðili við starfseminni skal sækja um nýtt starfsleyfi. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið og fullnægja almennum skilyrðum um rými, birtu, upphitun og loftræsingu í samræmi við eðli starfseminnar.
- 2.2 Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.3 Eigandi eða umráðamaður húsnæðis og/eða mannvirkis skal, m.a. við framkvæmdir, halda eigninni við og halda henni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð, girðingum og búnaði, þannig að valdi fólki ekki ónæði eða stefni heilsu þess í hættu.

- 2.4 Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.
- 2.5 Aðgangur skal vera að neysluvatni. Um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 2.6 Starfsfólk og viðskiptavinir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni og loftræstri snyrtingu. Fullbúin snyrting er rými með salerni, salernispappír, handlaug með rennandi vatni, spegli, sápu, handþurrkum og ruslafötu, sem og tíðavörum eftir atvikum. Þar sem við á skal hafa sér snyrtingu fyrir starfsfólk samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins.
Þar sem snyrtingar kvenna og karla eru aðskildar skal einnig vera til staðar kynhlutlaus snyrting. Aðstaða til að skipta á börnum skal vera til staðar sé um að ræða staði þar sem gert er ráð fyrir að komið sé inn með ungabörn.
Snyrting má ekki opnast beint út í aðstöðu þar sem matvæli eru meðhöndluð.
Snyrting skal aðgreint frá því rými þar sem fólk hefst við að jafnaði.
- 2.7 Um fjölda og gerð snyrtinga fer samkvæmt ákvæðum í byggingarreglugerð.
- 2.8 Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um að í húsnæði sé gert ráð fyrir rými fyrir hjálpartæki og tiltekinn búnað þar sem þess er þörf.

3. HÁVAÐI

- 3.1 Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða og gæta skal þess að hljóðstig verði ekki það hátt að valdi óþægindum í starfsemi eða nærumhverfi.

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

- 4.1 Rekstraraðilum ber að gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku er varðar aðbúnað, farartæki og önnur tæki og búnað, húsnæði, lóðir og önnur svæði sem tilheyra viðkomandi rekstri.
- 4.2 Rekstraraðilar skulu gæta þess að starfsstöðvar verði ekki útbreiðslustaðir smitsjúkdóma. Ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm eða annað sem getur ógnað öryggi skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd.
- 4.3 Starfsfólk skal stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum fatnaði við störf sín.
- 4.4 Sé þvottur þveginn á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.
- 4.5 Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega eða þegar þörf er á.
- 4.6 Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við þrif.

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

- 5.1 Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hættu á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Vatnshiti á ekki að fara yfir 43°C á töppunarstað.
- 5.2 Þar sem lítil notkun er á neysluvatnskerfum skal þess gætt að kerfin séu yfirhituð með minnst 70°C heitu vatni nægjanlega oft til að koma í veg fyrir hættu á örveruvexti.
- 5.3 Öll hættuleg tæki og hættuleg efni, eins og ræstiefni, lyf, málningarvörur og hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki, skulu geymd á trygган og öruggan hátt þar sem börn og óviðkomandi ná ekki til. Sé um að ræða hættumerktar efnavörur skulu öryggisblöð vera aðgengileg notanda. Gæta skal að því að um nýjustu útgáfu sé að ræða.
- 5.4 Rekstri starfseminnar skal háttuð á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þjónustuna sækja sé sem best tryggð. Tæki og búnaður sem tilheyrir starfseminni skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og reglulega yfirfarinn.
- 5.5 Starfsfólk skal hafi hlotið viðeigandi þjálfun. Fylgja skal reglum um aldurstakmark viðskiptavina ef við á.
- 5.6 Öryggisreglur skulu vera sýnilegar þar sem við á.

6. INNRA EFTIRLIT

- 6.1 Innra eftirlit skal vera skriflegt og endurskoðað reglulega. Í því felst m.a. að:
 - Tilgreina áhættuþætti og fyrirbyggjandi aðgerðir ásamt því að útbúa áhættumat
 - Viðhafa skriflegar hreinlætisáætlanir
 - Skilgreina viðeigandi þjálfun starfsfólks
 - Skrá óhöpp, slys og úrbætur, sem og frávik varðandi öryggisþætti
 - Skrá viðhald tækja og búnaðar

7. MATVÆLI

- 7.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

8. TÓBAKSVARNIR

- 8.1 Fara skal að ákvæðum laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

9. UMHVERFISMÁL

- 9.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein, snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 9.2 Haga skal starfseminni þannig að ekki valdi mengun eða ónæði í nærumhverfi.

- 9.3 Aðstaða til að geyma og flokka úrgang skal vera til staðar. Flokkun úrgangs skal vera í samræmi við reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og samþykktir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.
- 9.4 Fjöldi sorpíláta skal vera í samræmi við umfang starfseminnar. Ganga skal þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum.
- 9.5 Frágangur fráveitu skal vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun eftir því sem við á.

10. AÐGANGUR DÝRA AÐ TILTEKNUM SVÆÐUM, HÚSNÆÐI OG ALMENNINGSSAMGÖNGUTÆKJUM

- 10.1 Um gæludýrahald skal fara eftir samþykkt viðkomandi sveitarfélags.
- 10.2 Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn á sjúkrastofnanir, skóla, leikvelli, fangelsi, íþróttastöðvar, snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur, húðflúrstofur, samkomuhús, gististaði í flokki II, III og IV, mötuneyti, sumarbúðir fyrir börn og almenningsamgöngutæki nema að um það sé sérstaklega getið eða að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar.
- 10.3 Heimilt er fólki með fötlun að hafa með sér hjálparhunda enda sé viðkomandi einstaklingi ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur.
- 10.4 Rekstraraðilum veitingastaða er heimilt að leyfa að komið sé með hunda og ketti í veitingasali að uppfylltum skilyrðum í 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti. Rekstraraðilar skulu tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd sé ákvæði þessarar heimildar nýtt.

11. SÉRTÆK SKILYRÐI FYRIR LEIKSKÓLA

- 11.1 Á salernum á leikskólum skal vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur.
- 11.2 Vatnshiti við töppunarstað í handlaugum og böðum sem börn geta komist að skal ekki fara yfir 38°C á leikskólum
- 11.3 Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast. Þar sem börn matast jafnframt skal vera greiður aðgangur að handlaug fyrir börn.
- 11.4 Miða skal rými nemanda við ákvæði í byggingarreglugerð. Meta skal þörfina eftir aldri barna. Aðstaða skal vera til tómsunda og innileikja.
- 11.5 Aðstaða skal vera til staðar til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug.
- 11.6 Rekstraraðili skal tryggja öryggi og leitast við að koma í veg fyrir slys. Í innra eftirliti setja starfsreglur hvað varðar lóð, innréttingar og búnað eftir því sem við á.
- 11.7 Girða skal af lóð við leikskóla.

12. SÉRTÆK SKILYRÐI FYRIR GRUNN- OG FRAMHALDSKÓLA

- 12.1 Handlaug skal vera í kennslustofum í grunnskólum.
- 12.2 Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast. Þar sem börn matast jafnframt skal vera greiður aðgangur að handlaug fyrir börn.
- 12.3 Þar sem aðstaða er til íþróttaiðkunar skal vera fullnægjandi búningsaðstaða og fullbúin snyrting og baðaðstaða.
- 12.4 Rými á hvern nemanda í grunnskóla fer samkvæmt reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.
- 12.5 Í leik-, grunn- og framhaldsskólum skal vera aðstaða til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug.
- 12.6 Rekstraraðili skal tryggja öryggi og leitast við að koma í veg fyrir slys. Í innra eftirliti skal setja starfsreglur hvað varðar lóð, innréttingar og búnað eftir því sem við á.

13. SÉRTÆK SKILYRÐI FYRIR DAGGÆSLU HJÁ DAGFORELDNUM MEÐ SEX BÖRN EÐA FLEIRI

- 13,1 Um daggæslu barna í heimahúsum gilda enn fremur ákvæði reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum.
- 13,2 Rekstraraðili skal tryggja öryggi og leitast við að koma í veg fyrir slys. Í innra eftirliti skal setja starfsreglur hvað varðar lóð, innréttingar og búnað eftir því sem við á.

14. HEIMILI OG STOFNANIR FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

- 14,1 Á heimilum og stofnunum þar sem börn sofa yfir nótt skulu ekki aðrar vistarverur en svefnherbergi eða svefnsalir notaðar til svefns.
- 14,2 Í svefnsölum skal ætla hverju barni a.m.k. 4 m². Hvert barn skal hafa sér rúm sem hæfir aldri þess. Í rúmum skal vera dýna, sæng, koddi og rúmteppi.
- 14,3 Rúmföt skulu vera til staðar og skulu þau vera heil og hrein og skipt um a.m.k. vikulega þegar um lengri dvalartíma er að ræða en tvær vikur.
- 14,4 Þegar um er að ræða sumarþúðir og skylda starfsemi þar sem dvalartími er tvær vikur eða skemmri tími má miða við minni gólfhlöt á barn í svefnsal með kojum, þó aldrei minni en 2 m². Er þá einnig heimilt að hafa svefnpoka í rúmum, enda sé í rúmum dýna og lak.
- 14,5 Fullbúin snyrting og baðaðstaða skal vera til staðar á heimilum og stofnunum fyrir börn og hæfa aldri þeirra.
- 14,6 Eitt bað skal vera til staðar fyrir tíu börn, þegar um er að ræða hóp barna í sumarþúðum eða sambærilega starfsemi.

- 14,7 Innanstokksmunir og leikföng skulu hæfa aldri barna. Leikföng skulu vera CE-merkt og þannig gerð og viðhaldið að þau skapi ekki hættu.
- 14,8 Litir og föndurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald. Leikföng skulu þrífín reglulega.
- 14,9 Rekstraraðili skal tryggja öryggi og leitast við að koma í veg fyrir slys. Í innra eftirliti skal setja starfsreglur hvað varðar lóð, innréttingar og búnað eftir því sem við á.

15. EFTIRLIT

- 15,1 Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila.
- 15,2 Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku.
- 15,3 Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.
- 15,4 Heilbrigðisnefnd getur sett fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum þessum, en þó ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og almennra krafna sem eiga við um starfsemina.

16. VALDSVIÐ, VIÐURLÖG OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI

- 16,1 Rekstraraðili ber að fylgja fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar um kröfur og starfshætti sem varða hollustuhætti. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum. Þá getur heilbrigðisnefnd upplýst Umhverfis- og orkustofnun um frávik þar sem kemur til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafli laganna og 50. gr. í reglugerð.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, lög nr. 61/2013 efnalög.